



ÍSAN1AA05

Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2024

Íslenska sem annað mál - taláfangi

Kennari:	Sigprúður Harðardóttir
----------	-------------------------------

Áfangalýsing:

Áfanginn er ætlaður byrjendum og lítillar sem engrar kunnáttu í íslensku er krafist. Áhersla er lögð á að byggja upp orðaforða sem varða daglegt líf í íslensku samfélagi, mynda einfaldar setningar og taka þátt í samræðum sem gerir nemendum kleift að bjarga sér við algengar aðstæður.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þeim orðaforða sem er nauðsynlegur til að ná markmiðum áfangans.
- grundvallarþáttum íslenska málkerfisins.
- framburði íslenskra máhljóða

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er hægt og skýrt.
- fylgja einföldum fyrirmælum.
- lesa einfalda texta sem innihalda algengan orðaforða sem tengist honum á ýmsan hátt eins og umhverfi, samfélagi og áhugamálum.
- taka þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir.
- segja á einfaldan hátt frá sjálfum sér, fjölskyldu sinni og athöfnum daglegs lífs með því að nota orðaforða og framburð á sem réttastan hátt.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina einfaldar upplýsingar í mæltu máli
- skilja einfalda texta.
- taka þátt í einföldum samræðum.
- segja frá sjálfum sér og einföldum staðreyndum um kunnugleg efni.

Námsefni:

- Íslenska – tölum saman. Kennslubók fyrir byrjendur . Á vef mms.is
- Orðaspjöld, spil, samtalsspjöld, gagnvirkt efni, hlustunaræfingar, sjónvarpsþættir, ljósritað efni, netefni o.fl.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og matsverkefni
19. ágúst- 13. Sept.	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Að heilsa og kveðja (kennslubók) ✓ Einfaldar samræður og umræðuefni ✓ Kynning á sjálfum sér og helstu einkennum ✓ Kennitala, símanúmer og fæðingardagur <p>Unnið er jöfnum höndum með orðaspjöld, samtalsspjöld, spil, netefni og sjónvarpsþætti. Framburðaræfingar og upplestur. Sagnorð.</p>	Ritunarverkefni Munnleg kynning Hlustunarverkefni Áhorfsverkefni
16. sept.- 11. okt.	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Fjölskyldan (kennslubók) ✓ Fatnaður og litir ✓ Ætt og uppruni <p>Unnið er jöfnum höndum með orðaspjöld, samtalsspjöld, spil, netefni og sjónvarpsþætti. Framburðaræfingar og upplestur.</p>	Munnlegt próf Hlustunarverkefni Skáldsaga Ritunarverkefni (Ættartré)
14. okt. - 8. nóv.	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Maturinn (kennslubók) ✓ Matsölustaðir, matarhefðir og fleira <p>Unnið er jöfnum höndum með orðaspjöld, samtalsspjöld, spil, netefni og sjónvarpsþætti. Framburðaræfingar og upplestur.</p>	Ritunarverkefni (matseðill) Munnleg kynning Hlustunarverkefni Skáldsaga Skrifa dagbók og lesa upp.
11. nóv.- 11. des.	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Lokaverkefni <p>Nemendur vinna lokaverkefni um sjálfvalið viðfangsefni. Skrifleg skil og munnleg kynning fyrir samnemendur. Kennslu lýkur 11. desember</p>	Ritunarverkefni og munnleg kynning Munnlegt próf Hlustunarverkefni Áhorfsverkefni

Sérreglur áfangans:

Þar sem áfanginn byggir á kennslu í talmáli er ætlast til að nemendur taki virkan þátt í samræðum í kennslustundum. Einnig ber að skila ritunarverkefnum og flytja munnlegar kynningar á þeim.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Hlustun og áhorf	Hlustunarverkefni og verkefni úr sjónvarpsefni	20%
Ritun og tjáning/kynning	Ritunarverkefni og munnlegur flutningur	20%
Virkni og þátttaka	Þátttaka í samræðum, samvinna og virkni í kennslustundum	20%
Munnleg próf	Tvö munnlega próf á önninni	20%
Munnlegar kynningar	Tvær munnlegar kynningar á önninni	20%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Í ágúst 2024

Sigprúður Harðardóttir